| Þjónustustig | Heiti úrræðis | Stutt lýsing á starfssemi | Vefsíða | Hvaðan og á hvers vegum er þjónustuan eða úrræðið? | Samstarfsverkefni |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | **112** | Margar gagnlegar upplýsingar og ráð. Svo sem ráð fyrir foreldra barna sem beita eða verða fyrir ofbeldi. | https://www.112.is/ | Önnur þjónusta við barnafjölskyldur - Lögregla (eftirlit, forvarnir, námskeið, fræðsla, samstarf við aðra), Sýslumaður (afgreiðsla og vinnsla í sifjamálum, samstarf við aðra, starf á vegum einkaaðila, Farsældarlög | |
| 1 | **AEPS – Færnimiðað matskerfi** | Tveggja daga staðbundið námskeiðið sem er ætlað fagfólki sem starfar við ráðgjöf, þjálfun eða kennslu 0-6 ára barna með þroskafrávik. Sérstaklega er mælt með þessu námskeiði fyrir sérkennslustjóra leikskóla. Hagnýt tæki við gerð einstaklingsnámskrár og fylgjast með framförum barna með sérþarfir. Lögð er áhersla á samstarf foreldra og fagfólks við gerð markmiða og sérstakur matslisti fyrir foreldra fylgir. | AEPS | Leikskólar; athuganir, skimanir, þjálfun í félagsfærni, leik og máli, önnur úrræði | |
| 1 | **Amtsbókasafnið** | Amtsbókasafnið býður upp á hin ýmsu námskeið og viðburði fyrir börn. | Amtsbókasafnið | Grunnskólar; almennur stuðningur við nám, sérdeildir, sérskólar, athuganir og skimanir, skólaþjónusta á vettvangi, önnur úrræði | |
| 1 | **Atferlisþjálfun - ABA (Applied behaviour ananlysis)** | Atferlisíhlutun, sem byggir á aðferðum hagnýtrar atferlisgreiningar (applied behaviour analysis, ABA), er markviss, árangursrík og viðurkennd leið sem hefur verið þróuð til þess að byggja upp margvíslega færni hjá börnum. | Atferlisíhlutun | Aðkeypt þjónusta; | |
| 1 | **ART (Agression Replacement Training)??** | Aðferð til að hjálpa börnum og fullorðnum að bæta félagsfærni, læra að stjórna reiði sinni, efla siðferðisþroska og draga úr árásargjarnri hegðun. Unnið er samhliða með félagsfærni, reiðistjórnun og eflingu siðferðisþroska í tíu skipti. Námskeið bæði fyrir hópa og einstaklinga. | ISART | Forvarnir - samstarf við aðrar stofnanir og aðila, Ungmennaráð, íþróttafélög | |
| 1 | **Bekkjarfundir** | Kennari heldur reglulega fundi þar sem fjallað er um bekkjaranda og líðan. | Jákvæður agi | Grunnskólar; almennur stuðningur við nám, sérdeildir, sérskólar, athuganir og skimanir, skólaþjónusta á vettvangi, önnur úrræði | |
| 1 | **Bergið Headspace** | Stuðnings- og ráðgjafasetur fyrir ungt fólk upp að 25 ára aldri. Markmið Bergsins er að veita stuðning og ráðgjöf fyrir ungt fólk á forsendum ungs fólks aðlaga þjónustuna og veita fræðslu sem snýr að þeirra þörfum hverju sinni. Hægt er að fá viðtal við fagaðila sem kortleggur vanda, veitir stuðning, fræðslu og ráðgjöf um þjónustu í samfélaginu. | Bergið Headspace | Forvarnir - samstarf við aðrar stofnanir og aðila, Ungmennaráð, íþróttafélög | |
| 1 | **Bjarmahlíð** | Bjarmahlíð er miðstöð fyrir þolendurofbeldis. Markmið er að veita stuðning, ráðgjöf og fræðslu um eðli og afleiðingar ofbeldis. Bjarmahlíð þjónustar þolendur frá 16 ára aldri. | Bjarmahlíð | | |
| 1 | **Blær** | Vináttuverkefni sem byggir á rannsóknum á einelti og ákveðinni hugmyndafræði og gildum sem eru samofin öðru starfi þeirra skóla sem vinna með efnið. Gildi verkefnisins eru umburðarlyndi, virðing, umhyggja og hugrekki | Blær vináttuverkefni | Leikskólar; athuganir, skimanir, þjálfun í félagsfærni, leik og máli, önnur úrræði | |
| 1 | **BOFS** | Hér er að finna yfirlit yfir útgefin kynningarmyndbönd og rafræn námskeið BOFS – flokkað eftir viðfangsefnum. | Barna og fjölskyldustofa | | |
| 1 | **Einhverfusamtökin** | Starfsemi samtakanna beinist meðal annars að því að bæta þjónustu við einhverfa, standa vörð um lögbundin réttindi þeirra og stuðla að fræðslu um málefni fólks á einhverfurófi. Samtökin bjóða meðal annars upp á fræðslu, hópastarf og tómstundir og upplýsingar um réttindi. Samtökin starfrækja hópastarf fyrir ungmenni og fullorðna. | https://www.einhverfa.is/ | | |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | **Einn leikskóli - mörg tungumál** | Tilgangur þessa leiðarvísis er að auðvelda leikskólakennurum og starfsfólki leikskóla að skrá og fylgjast með framförum barna sem eiga annað móðurmál en íslensku. Ekki er um próf eða mælitæki að ræða heldur er hér á ferðinni verkfæri sem leiðbeinir um skráningar og mat á tungumálinu og málumhverfi leikskólans. | Einn leikskóli á morgum tungumálum | Leikskólar; athuganir, skimanir, þjálfun í félagsfærni, leik og máli, önnur úrræði | |
| 1 | **Einstaklingsáætlun** | Í grunnskóla er unnin einstaklingsáætlun fyrir barn sem þarf sértækan stuðning. Áætlunin er unnin í samstarfi við foreldra. Þar eru sett fram langtíma- og skammtímamarkmið og dæmi um hvernig á að vinna að markmiðunum. | | Grunnskólar; almennur stuðningur við nám, sérdeildir, sérskólar, athuganir og skimanir, skólaþjónusta á vettvangi, önnur úrræði | |
| 1 | **Einstaklingsnámskrá** | Einstaklingsnámskrá er gerð fyrir öll börn sem njóta sérkennslu í grunnskóla. | | Grunnskólar; almennur stuðningur við nám, sérdeildir, sérskólar, athuganir og skimanir, skólaþjónusta á vettvangi, önnur úrræði | |
| 1 | **Ertu að tengja? Uppeldi, tengsl og foreldrahlutverkið** | Námskeiðið Ertu að tengja? Uppeldi, tengsl og foreldrahlutverkið er ætlað foreldrum 1-5 ára barna.<br><br>Námskeiðið miðar að því að:<br><br>fræða foreldra um tengslamyndun og samskipti<br>mæta barni á viðeigandi hátt út frá þroskastigi<br>hjálpa foreldrum að efla eigið tilfinningalæsi og barna sinna<br>fara yfir gagnlegar leiðir til að hjálpa foreldrum að styrkja sig í foreldrahlutverkinu | Ertu að tengja \| Heilsugæslan | Heilsugæsla - Ung- og smábarnavernd, 0-6 ára; heimavitjanir, ráðgjöf og fræðsla um brjóstagjöf og fæðu ungbarna, bólusetningar, þroskamat, skimanir og skoðanir, fræðsla | |
| 1 | **Félagsmiðstöðvar** | Opnu starfi í félagsmiðstöðvum er ætlað að skapa börnum og unglingum vettvang til að hittast á hlutlausum og öruggum stað þar sem hægt er að koma á eigin forsendum og vera virk á þann hátt sem hentar hverju sinni undir handleiðslu fullorðinna. Í opnu starfi geta þau sinnt sínum hugðarefnum og áhugamálum og þjálfast í að eiga innihaldsríkan frítíma sem þau hafa sjálf áhrif á að móta. | Félagsmiðstöðvar | Félagsmiðstöð | |
| 1 | **Félagsmiðstöðvar / nemendaráð** | Félagsmiðstöðvar og grunnskólar eru oft í samstarfi um þessi ráð til að skipuleggja félagsmiðstöðvastarf og félagsstarf í grunnskólunum. Stundum valgein í grunnskóla. | | Félagsmiðstöð | |
| 1 | **Fjölmenningarsetur** | Markmið Fjölmenningarmiðstöðvarinnar (MCC) er að gera hverjum einstaklingi kleift að verða virkur þátttakandi í íslensku samfélagi, óháð bakgrunni eða uppruna.<br>Þessi vefsíða veitir upplýsingar um marga þætti daglegs lífs, stjórnsýslu á Íslandi, flutninga til og frá Íslandi og margt fleira. | Fjölmenningardeild vinnumálastofnunnar | | |
| 1 | **Fjölsmiðjan** | Fjölsmiðjan er sjálfseignarstofnun með það að markmiði að starfrækja verkþjálfunar, framleiðslu- og fræðslusetur fyrir ungt fólk á aldrinum 16-24 ára. Sömuleiðis eiga 25 ára og eldri aðgang að Fjölsmiðjunni ef þeir hafa sérstaka þörf á því sviði. Umsóknir um Fjölsmiðjuna fara í gegnum félagsþjónustu sveitarfélaga eða Vinnumálastofnun. Ráðgjafar á miðstöðvum vinna umsóknir í samvinnu með umsækjanda. Umsóknir eru teknar fyrir á fagfundum á miðstöðvum. Yfirleitt er biðlisti að komast að í Fjölsmiðjunni. | Fjölsmiðjan | Vinnuskóli barna 14-17 ára; samstarf við aðrar stofnanir, fræðsla og námskeið, vinnuúrræði | |
| 1 | **Foreldrasamstarf** | Markvisst er unnið að því að auka samráð við foreldra og styrkja aðkomu þeirra að skólastarfi. Í hverjum skóla er starfrækt foreldrafélag, foreldraráð eða skólaráð. | Heimasíður skólanna | Grunnskólar; almennur stuðningur við nám, sérdeildir, sérskólar, athuganir og skimanir, skólaþjónusta á vettvangi, önnur úrræði | |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | **Frístund** | Börnum í 1.- 4. bekk í grunnskólum stendur til boða að sækja frístund að loknum skóladegi og í skólafríum. Frístund er yfirleitt staðsett innan skólahúsnæðis. Lokað er í vetrarfríum skólanna, á starfsdögum frístunda og í sumarfríum frístunda. | Frístund | | |
| 1 | **Fötluð börn** | Upplýsingar um greiningu, réttindi og þjónustu við fötluð börn og fjölskyldur þeirra. | https://island.is/lifsvidburdir/fotlud-born | | |
| 1 | **Gefðu 10** | Einföld aðferð til að auka samræðu og samskipti við fjöltyngd börn sem eru að læra íslensku sem annað mál. Hefur jákvæð áhrif á málþroska barna , eykur tengsl milli starfsfólks og barna. Kemur í veg fyrir félagslega einangrun og er forvörn gegn einelti. | Gefðu 10 – Ekki bíða, byrjaðu strax! | Leikskólar og grunnskólar | |
| 1 | **Gegn einelti** | Unnið er markvisst gegn einelti og samkvæmt ferlum þar sem einelti er ekki liðið frekar en annað ofbeldi. Sérstakt teymi fer með þau mál og lög rík áhersla á að vinna mál hratt og örugglega með hagsmuni þolenda og geranda og fjölskylda þeirra að leiðarljósi og málum lokið með formlegum hætti. | Gegn einelti | Grunnskólar; almennur stuðningur við nám, sérdeildir, sérskólar, athuganir og skimanir, skólaþjónusta á vettvangi, önnur úrræði | |
| 1 | **Grunnskólinn, félagsmiðstöðin og íþróttafélagið** | Eiga samstarf um stuðning og hvatningu til barna sem ekki taka þátt í íþróttastarfi eða starfi félagsmiðstöðvar og eru ekki félagslega sterk í skólastarfinu. | | Forvarnir - samstarf við aðrar stofnanir og aðila, Ungmennaráð, íþróttafélög | |
| 1 | **Handbók um einelti og vináttufælni** | Starfsfólk félagsmiðstöðva metur félagslega stöðu barna og aðstoðar þau börn sem á þurfa að halda að finna sér félagsskap og eignast vini. | Handbók um einelti og vináttufærni | Félagsmiðstöð | |
| 1 | **Heilsueflandi skóli** | Heilsueflandi grunnskóla er ætlað að styðja skóla í að vinna markvisst að heilsueflingu í starfi sínu. Í því felst að skapa skólaumhverfi sem stuðlar að andlegri, líkamlegri og félagslegri heilsu og vellíðan nemenda og starfsfólks í samvinnu við heimili og nærsamfélag. Sótt er um hjá Embætti Landlæknis. | Heilsueflandi grunnskóli | Forvarnir - samstarf við aðrar stofnanir og aðila, Ungmennaráð, íþróttafélög | |
| 1 | **Heimamenning** | Menningarmótsverkefnið, sem er líka þekkt undir nafninu *Fljúgandi teppi* , er þverfagleg aðferð í starfi með börnum og fullorðnum, hugsuð til þess að varpa ljósi á styrkleika og fjölbreytta menningarheima þátttakenda. | Menningarmót | Forvarnir - samstarf við aðrar stofnanir og aðila, Ungmennaráð, íþróttafélög | |
| 1 | **Hjálparsími 1717 og netspjall** | Þjálfaðir og reynslumiklir sjálfboðaliðar á öllum aldri sjá um að svara þeim samtölum sem 1717 berast. Hægt er að hafa samband vegna alls þess sem liggur á hjarta og fá sálfélagslegan stuðning, ráðgjöf, hlustun og upplýsingar um þau úrræði sem í boði eru í íslensku samfélagi. | Hjálparsíminn 1717 | Forvarnir - samstarf við aðrar stofnanir og aðila, Ungmennaráð, íþróttafélög | |
| 1 | **Hugarfrelsi** | Hugarfrelsi stendur fyrir ýmis konar fræðslu, námskeiðum og fyrirlestrum þar sem börnum, unglingum, foreldrum og fagfólki er kennt að nota einfaldar aðferðir til að efla sjálfsmynd og vellíðan. Námskeið fyrir börn og ungmenni og foreldra þeirra sem snúa að sjálfstyrkingu, jóga, hugleiðslu, öndun og slökun. | Hugarfrelsi | Forvarnir - samstarf við aðrar stofnanir og aðila, Ungmennaráð, íþróttafélög | |
| 1 | **Hæfnirammar í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla** | Hæfnirömmum í íslensku fyrir fjöltyngd börn er fyrst og fremst ætlað að vera uppspretta fjölbreytilegs leikskólastarfs sem styður við framfarir barna í íslensku. | Hæfnirammi | Leikskólar; athuganir, skimanir, þjálfun í félagsfærni, leik og máli, önnur úrræði | |
| 1 | **ÍSAT kennsla** | Í leikskólum er ÍSAT tengiliður, í grunnskólum ÍSAT verkefnastjóri sem heldur utan um börn með íslensku með annað tungumál | Íslenska sem annað tungumál | Grunnskólar; almennur stuðningur við nám, sérdeildir, sérskólar, athuganir og skimanir, skólaþjónusta á vettvangi, önnur úrræði | |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | **Jákvæður agi** | Uppeldisstefna sem byggir á kenningu á sjálfstjórn sem felur í sér að horft er á orsök hegðunar frekar en að breyta henni með umbun eða refsingu. Jákvæður agi gengur út á að móta umhverfi í skólum, heimilum og vinnustöðum sem einkennist af umhyggju og byggist á gagnkvæmri virðingu reisn vinsemd og fest. | Jákvæður agi | Leikskólar og grunnskólar | |
| 1 | **Klókir litlir krakkar** | Gagnreynt forvarnanámskeið fyrir foreldra barna með væg kvíðaeinkenni og/eða sem eru í hættu að þróa með sér kvíðaröskun (3-6 ára). Foreldrar mæta í sex skipti í 1½ tíma í senn. Veitt er fræðsla um kvíða og einnig er heimavinna milli tímanna. | Námskeið | Skólaþjónusta - Annað | |
| 1 | **Landsteymi** | Landsteymið starfar á grunni nýrra farsældarlaga og samþættingu í þjónustu í þágu farsældar barna. Hjá Landsteyminu geta börn, foreldrar og kennarar og starfsfólk skóla á öllum skólastigum, á einum stað fengið stuðning og ráðgjöf um úrræði, leiðir og lausnir þvert á kerfi. | Landsteymið | Forvarnir - samstarf við aðrar stofnanir og aðila, Ungmennaráð, íþróttafélög | |
| 1 | **Lausnahringurinn** | Markmið Lausnahringsins er að kenna börnunum að setja mörk í samskiptum og einnig að upplifa jákvæðan aga en það eru samskipti sem eru byggð á gagnkvæmri virðingu. Verkefnið hentar leikskólum, grunnskólum og frístundaheimilum. | Lausnahringurinn | Forvarnir - samstarf við aðrar stofnanir og aðila, Ungmennaráð, íþróttafélög | |
| 1 | **Lausnastaðir** | Lausnastaðir eru ákveðnir staðir innan skóla þar sem nemendur koma saman til að leysa mál eða ágreiningsefni sem upp koma. Litið er á mistök sem tækifæri til að læra og þegar nemendur gera mistök er þeim kennt að taka ábyrgð og vinna í málunum. Þegar leysa þarf mál sem upp hafa komið er hægt að bjóða þeim sem að málinu koma á lausnastaðinn. | Lausnastaður nemenda | Grunnskólar; almennur stuðningur við nám, sérdeildir, sérskólar, athuganir og skimanir, skólaþjónusta á vettvangi, önnur úrræði | |
| 1 | **Lausnateymi** | Eru starfrækt í öllum leik- og grunnskólum bæjarins. Hlutverk lausnateymis er að kortleggja stöðu barna og leita lausna til stuðnings þeim. Í lausnateymi eru félagsleg samskipti, hegðun, nám og líðan barna rædd og viðunandi úrræði virkjuð til að bregðast fyrr við erfiðleikum eða aðstæðum barns. Málið getur varðað einstaka börn eða barnahópa í námi þeirra, starfi og leik. Ávallt skal upplýsa forsjáraðila um að leita eigi ráða varðandi málefni barna þeirra hjá lausnateymi. | Hlutverk og verklag lausnat | Grunnskólar; almennur stuðningur við nám, sérdeildir, sérskólar, athuganir og skimanir, skólaþjónusta á vettvangi, önnur úrræði | |
| 1 | **Leiðarvísir um stuðning við móðurmál og virkt fjöltyngi.** | Leiðarvísir á þremur tungumálum (íslensku, ensku og pólsku) um stuðning við virkt fjöltyngi í skóla- og frístundastarfi. Mennta- og menningarmálaráðuneytið fól Móðurmáli – samtökum um tvítyngi að taka saman leiðarvísinn í samstarfi við þá aðila sem best þekkja til á þessu sviði hér á landi. | leiðarvísir | Grunnskólar; almennur stuðningur við nám, sérdeildir, sérskólar, athuganir og skimanir, skólaþjónusta á vettvangi, önnur úrræði | |
| 1 | **Lífsleikni** | Kennari vinnur markvisst með lífsleikni nemenda með sérstöku kennsluefni og kennsluleiðbeiningum sem hæfa aldri og þroska nemenda. | Lífsleikni | Grunnskólar; almennur stuðningur við nám, sérdeildir, sérskólar, athuganir og skimanir, skólaþjónusta á vettvangi, önnur úrræði | |
| 1 | **Lubbi** | Lubbi málörvunarefni er byggt á hnitmiðaðri rannsóknar- og þróunarvinnu höfunda til fjölda ára, m.a. doktorsverkefni Þóru um tileinkun barna á íslensku málhljóðunum sem sýnir fram á tileinkunarröð. | LUBBI | Leikskólar; athuganir, skimanir, þjálfun í félagsfærni, leik og máli, önnur úrræði | |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | **Matstæki í leikskólum** | Hér er listi yfir þau helstu matstæki sem notuð eru í leikskólum í dag. Ekki er mælt með því að nota áfram matslista sem ekki hafa verið staðfærðir í áratugi. | Matstæki í leiksólum | Leikskólar; athuganir, skimanir, þjálfun í félagsfærni, leik og máli, önnur úrræði | |
| 1 | **Milli mála prófið** | Námskeiðið er á vegum Geðheilsumiðstöðvar barna hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og Sálfræðideildar Háskóla Íslands. | Milli mála prófið | Grunnskólar; almennur stuðningur við nám, sérdeildir, sérskólar, athuganir og skimanir, skólaþjónusta á vettvangi, önnur úrræði | |
| 1 | **Opinskátt um ofbeldi** | Markmið verkefnisins *Opinskátt um ofbeldi* er að auka þekkingu barna á ofbeldi og gera þau fær um að ræða það opinskátt og taka afstöðu gegn því. | Opinskátt um ofbeldi | Grunnskólar; almennur stuðningur við nám, sérdeildir, sérskólar, athuganir og skimanir, skólaþjónusta á vettvangi, önnur úrræði | |
| 1 | **Orðaskil** | Málþroskapróf sem ætlað er að mæla orðaforða barna og kanna hvort að þau hafi náð valdi á beygingarkerfi og setningagerð máls, Eyðublað fæst hjá Talþjálfun Reykjavíkur | Lesvefurinn - greiningarpróf | Grunnskólar; almennur stuðningur við nám, sérdeildir, sérskólar, athuganir og skimanir, skólaþjónusta á vettvangi, önnur úrræði | |
| 1 | **PALS** | Kennari notar PALS námsaðferðina sem er fjölmenningarleg nálgun að lestrarkennslu og byggir á teymisvinnu nemenda þar sem nemendur með ólíka lestrarfærni vinna saman. | Læsisvefurinn | Grunnskólar; almennur stuðningur við nám, sérdeildir, sérskólar, athuganir og skimanir, skólaþjónusta á vettvangi, önnur úrræði | |
| 1 | **PBS - Positive Behavior Support** | Hegðunarmótandi vinna þar sem lögð er áhersla á einfaldar og skýrar reglur sem börnum er kennt í gegnum leik. Jákvæðri hegðun er viðhaldið með reglulegum æfingum, hvatningum og hrósi. | An Introduction to PBS | Grunnskólar; almennur stuðningur við nám, sérdeildir, sérskólar, athuganir og skimanir, skólaþjónusta á vettvangi, önnur úrræði | |
| 1 | **PECS - myndrænt boðskiptakerfi** | *The picture exhange communication system* (PECS) er aðferð sem er talin er heppileg fyrir börn á öllum þroskaaldri, með slaka boðskiptafærni og málþroska. Með PECS boðskipta- þjálfun er lögð höfuðáhersla á þjálfun frumkvæðis til boðskipta og málhegðun en ekki talmál. Til er safn mynda til þess að nota inni í Widget Online sem allir leikskólar hafa aðgang að. | PECS | Leikskólar; athuganir, skimanir, þjálfun í félagsfærni, leik og máli, önnur úrræði | |
| 1 | **PMTO** | Námskeið, meðferð, SPARE. PMTO – foreldrafærni, stendur fyrir „Parent Management Training Oregon aðferð“. PMTO er þjónusta við börn, foreldra og skóla sem hefur það meginmarkmið að fyrirbyggja alvarlega hegðunarerfiðleika og taka markvisst á hegðun barna með aðferðum PMTO. Unnið er með ákveðin verkfæri sem stuðla að jákvæðari hegðun barns. | PMTO | | |
| 1 | **Samtaka - foreldrafélög grunnskóla Akureyrarbæjar** | Hlutverk foreldrafélags er að styðja við skóla- og frístundastarf, stuðla að velferð barna og unglinga og efla tengsl heimilis og skóla. | Samtaka - Foreldrafélög | Grunnskólar; almennur stuðningur við nám, sérdeildir, sérskólar, athuganir og skimanir, skólaþjónusta á vettvangi, önnur úrræði | |
| 1 | **Sérkennslustjóri** | Ber ábyrgð á og stjórnar skipulagningu, framkvæmd og endurmati sérkennslunnar í leikskólanum ásamt leikskólastjóra. Er faglegur umsjónarmaður sérkennslu í leikskólum, annast frumgreiningu og ráðgjöf til annarra starfsmanna leikskóla. Ber ábyrgð á miðlun upplýsinga milli sérkennsluráðgjafa/sérkennslufulltrúa leikskóla og starfsmanna leikskólans. Hefur umsjón með uppeldis- og námsgögnum leikskólans sem tengjast sérkennslu. | Handbók sérkennslustjóra | Leikskólar; athuganir, skimanir, þjálfun í félagsfærni, leik og máli, önnur úrræði | |
| 1 | **Sjálfsefling og samskipti við leikskólabörn** | Myndbönd á vef menntastefnu, gagnleg í fræðslu fyrir leikskólastarfsfólk | Menntastefna | Leikskólar; athuganir, skimanir, þjálfun í félagsfærni, leik og máli, önnur úrræði | |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | **Sjónarhóll** | Sjónarhóll er ráðgjafarmiðstöð fyrir foreldra barna með sérþarfir á Íslandi. Tilgangurinn með þjónustunni er að börn og fjölskyldur þeirra geti nýtt sér almenna lögbundna þjónustu og komist í samband við önnur úrræði sem gætu gagnast þeim. Áhersla er lögð á að  fræða og hjálpa foreldrum að greina þarfir sínar og barns, efla og nýta sín eigin bjargráð með því að styðja þau að sjálfstæði. | Sjónarhóll | Önnur þjónusta við barnafjölskyldur - Lögregla (eftirlit, forvarnir, námskeið, fræðdsla, samstarf við aðra), Sýslumaður (afgreiðsla og vinnsla í sifjamálum, samstarf við aðra, starf á vegum einkaaðila, Farsældarlög | |
| 1 | **Sjónrænt skipulag** | Úrræði inni í skólastofu/leikskóladeild/frístundaheimili/fataherbergjum eða inni eða fyrir framan kennslustofu | SJónrænt skipulag | Leikskólar og grunnskólar | |
| 1 | **Sjúktspjall** | Sjúktspjall er nafnlaust netspjall fyrir ungmenni til að ræða áhyggjur af samböndunum sínum, samskiptum eða ofbeldi. Spjallið er fyrir ungmenni yngri en 20 ára af öllum kynjum. | Sjúk ást | Forvarnir - samstarf við aðrar stofnanir og aðila, Ungmennaráð, íþróttafélög | |
| 1 | **Skólar á grænni grein** | Skólar á grænni grein (Eco-schools) er alþjóðlegt umhverfismenntaverkefni sem rekið er af Landvernd á Íslandi. Grænfáninn hefur verið á Íslandi frá árinu 2001. Verkefnið er stærsta umhverfismenntaverkefni í heimi og er haldið úti af samtökunum Foundation for Environmental Education. Skólar á grænni grein styðja við umhverfismennt, menntun til sjálfbærni og almennt umhverfisstarf í skólum á öllum skólastigum. | Skólar á grænni grein | Leik- grunn og framhaldsskólar | |
| 1 | **SMT - skólafærni** | Markmið SMT-skólafærni er að skapa gott andrúmsloft í skólum og tryggja öryggi og velferð nemenda og starfsfólks. Lögð er áhersla á að koma í veg fyrir og draga úr óæskilegri hegðun nemenda með því að kenna og þjálfa félagsfærni, gefa jákvæðri hegðun gaum með markvissum hætti og samræma viðbrögð starfsfólks gagnvart nemendum sem sýna óæskilega hegðun. | Netla - SMT | Leikskólar og grunnskóla | |
| 1 | **Stopp ofbeldi!** | Kennari vinnur með námsvefinn Stopp ofbeldi þar sem Menntamálastofnun hefur tekið saman fjölbreytt úrval af náms– og kennsluefni sem snýr að forvörnum gegn einelti. | Stopp ofbeldi! | Leik- grunn og framhaldsskólar | |
| 1 | **Stuðningur við Döff** | Verkefnið felst  í því að hafa hæft starfsfólk, sem í þessu tilviki er sjálft Döff eða með góð tök á íslensku táknmáli. Þau sjá til þess að börnin hafi tækifæri til að taka þátt í skipulögðu tómstundastarfi saman í hóp þar sem táknmál er aðal samskiptaleiðin en jafnframt að stuðla að því að þau geti tekið þátt í starfi og leik með heyrandi börnum. | Félag heyrnalausra | Forvarnir - samstarf við aðrar stofnanir og aðila, Ungmennaráð, íþróttafélög | |
| 1 | **Stöðumat ÍSAT** | Um er að ræða matstæki sem þýtt var úr sænsku sem skólar geta notað til að meta námsstöðu nemenda af erlendum uppruna sem eru nýkomnir til landsins. | Stöðumat | Grunnskólar; almennur stuðningur við nám, sérdeildir, sérskólar, athuganir og skimanir, skólaþjónusta á vettvangi, önnur úrræði | |
| 1 | **Tákn með tali (TMT)** | Tákn með tali (TMT) er tjáningarform, ætlað heyrandi einstaklingum sem eiga við mál- og talörðugleika að stríða. Náttúruleg tákn - byggjast á því að athöfn er leikin eða eiginleikum lýst. | TMT | Leikskólar; athuganir, skimanir, þjálfun í félagsfærni, leik og máli, önnur úrræði | |
| 1 | **TEACCH** | TEACCH – er skammstöfun sem stendur fyrir **T**reatment and **E**ducation of **A**utistic and related **C**ommunications **H**andicapped **C**hildren, eða meðferð og kennsla barna með einhverfu og skyldar boðskiptatruflanir. | TEACCH | Grunnskólar; almennur stuðningur við nám, sérdeildir, sérskólar, athuganir og skimanir, skólaþjónusta á vettvangi, önnur úrræði | |
| 1 | **Tilfinningaleg heilsa, þroski barna og velferð foreldra (Solihull)** | Gjaldfrjáls netnámskeið og verkfæri fyrir allar fjölskyldur á Íslandi. Einnig sérhæfð námskeið fyrir unglinga um tilfinningalega og geðræna heilsu. | Solihull | Forvarnir - samstarf við aðrar stofnanir og aðila, Ungmennaráð, íþróttafélög | |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | **TRAS** | TRAS (n: Tidlig registrering af språkudvikling), er skráningarlisti til notkunar fyrir leikskólakennara til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna. Listinn er upprunalega kominn frá sérfræðingum við norskan háskóla og sérkennslustofnanir og er notkun hans nú orðin útbreidd á Norðurlöndum. Góður málþroski skiptir miklu máli fyrir andlegan þroska barna, félagslega líðan og seinni lestrartileinkun. Með TRAS skráningunni er hægt að skima eftir frávikum í mál- og félagsþroska barnanna með fyrirbyggjandi íhlutun í huga. | TRAS | Leikskólar; athuganir, skimanir, þjálfun í félagsfærni, leik og máli, önnur úrræði | |
| 1 | **Ungmennahúsið** | Starfsemin skiptist niður í eftirfarandi deildir: Atvinnumál, frístund eftir skóla, listir og menning, upplýsingamiðstöð, jafningjafræðsla og hópastarf. Ungmennahúsið er einnig miðstöð ungs fólks þar sem ungmenni geta nýtt aðstöðuna til að syngja, dansa, dreyma, skapa, læra, spila, funda, - nánast hvað sem þeim dettur í hug. | Ungmennahúsið | | |
| 1 | **Ungmennaráð** | Ungmennaráðin eru vettvangur fyrir unglinga yngri en 18 ára til að taka virkan þátt í mótun samfélagsins og hafa áhrif í sínu nærumhverfi. Sex ungmennaráð eru að störfum í hverfunum. Starfstími hvers þeirra er eitt ár í senn og hefst starfsárið 1. október ár hvert. Ungmennaráðin hafa svo með sér samráðs- og samstarfsvettvang, ungmennaráð Akureyrar. | Ungmennaráð | Félagsmiðstöð | |
| 1 | **Umhyggja** | Umhyggja er félag sem vinnur að bættum hag langveikra barna og fjölskyldna þeirra. í félaginu starfa foreldrar langveikra barna og fagfólk innan heilbrigðiskerfisins. | https://www.umhyggja.is/ | Almenn félagasamtök á Íslandi | |
| 1 | **Uppeldi sem virkar – færni til framtíðar.** | Námskeiðið er ætlað foreldrum barna á aldrinum 0-10 ára. Kenndar verða aðferðir til að styrkja hæfni foreldra í að laða fram æskilega hegðun og fyrirbyggja erfiðleika. Námskeiðið fer fram í húsakynnum HSN í Sunnuhlíð | Uppeldi sem virkar - færni til framtíðar. | | |
| 1 | **Uppeldi til ábyrgðar** | Uppeldisstefna sem grunnskólar geta unnið eftir. Horft er til styrkleika barns með það að markmiði að barn þjálfast í að axla ábyrgð á eigin atferli. | Uppbygging | Grunnskólar; almennur stuðningur við nám, sérdeildir, sérskólar, athuganir og skimanir, skólaþjónusta á vettvangi, önnur úrræði | |
| 1 | **Viðtöl hjá hjúkrunarfræðingi** | Nemendur grunnskóla geta fengið viðtal hjá hjúkrunarfræðingi síns skóla. | | Grunnskólar; almennur stuðningur við nám, sérdeildir, sérskólar, athuganir og skimanir, skólaþjónusta á vettvangi, önnur úrræði | |
| 1 | **Viðtöl hjá námsráðgjafa** | Nemendur grunnskóla geta fengið viðtal hjá námsráðgjafa síns skóla. | | Grunnskólar; almennur stuðningur við nám, sérdeildir, sérskólar, athuganir og skimanir, skólaþjónusta á vettvangi, önnur úrræði | |
| 1 | **Vika6** | Vika6 er sjötta vika hvers árs. Í þeirri viku er starfsfólk grunnskóla og félagsmiðstöðva hvatt til að setja kynheilbrigði í forgrunn og bjóða upp á fjölbreytta kynfræðslu. Vika6 er fræðsluverkefni um kynlíf þar sem einkum er fjallað um kynheilbrigði, samskipti kynjanna og fjölbreytileikann, kynlíf, bæði tabú, fordóma og mýtur. | Vika 6 | Grunnskólar; almennur stuðningur við nám, sérdeildir, sérskólar, athuganir og skimanir, skólaþjónusta á vettvangi, önnur úrræði | |
| 1 | **Viltu tala íslensku við mig?** | Markmið verkefnisins er að hjálpa börnum sem eru með annað móðurmál að virkum þátttakendum í skólastarfinu. | Kynning á verkefninu | Grunnskólar; almennur stuðningur við nám, sérdeildir, sérskólar, athuganir og skimanir, skólaþjónusta á vettvangi, önnur úrræði | |
| 1 | **Vinabekkir** | Eldri og yngri bekkir mynda vinatengsl og gera margvíslegt saman. Eitt verkefni er að eldri nemendur lesa fyrir yngri nemendur. Verkefnið getur einnig verið milli grunnskóla og leikskóla. | | Grunnskólar; almennur stuðningur við nám, sérdeildir, sérskólar, athuganir og skimanir, skólaþjónusta á vettvangi, önnur úrræði | |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | **Vinaliðar** | Markmið vinaliðaverkefnis er að hvetja til þátttöku í uppbyggilegri hreyfingu í frímínútum og skapa betri anda innan skólans. Einnig er verkefnið forvörn gegn einelti og liður í leiðtogaþjálfun. Nemendur í 3. til 7. bekk (misjafnt eftir skólum) velja einstaklinga úr sínum bekk til þess að vera Vinaliðar. Hlutverk Vinaliða er að hafa umsjón með leikjum og afþreyingu í löngu frímínútum. | Vinaliðar | Grunnskólar; almennur stuðningur við nám, sérdeildir, sérskólar, athuganir og skimanir, skólaþjónusta á vettvangi, önnur úrræði | |
| 1 | **Vinir Zippýs** | Námsefni fyrir sex og sjö ára börn þar sem kenndar eru leiðir til að bregðast við erfiðleikum í daglegu lífi, að þekkja tilfinningar sínar, talað um þær og leiðir til að kljást við þær. Áhersla er lögð á samkennd. | Vinir Zippýs | Grunnskólar; almennur stuðningur við nám, sérdeildir, sérskólar, athuganir og skimanir, skólaþjónusta á vettvangi, önnur úrræði | |
| | | | | | |
| 1 | **Vinnuskólinn** | Meginhlutverk Vinnuskólans er að veita nemendum úr efstu bekkjum grunnskóla uppbyggileg sumarstörf og fræðslu í öruggu starfsumhverfi. Öllum nemendum 8. 9. og 10. bekkja býðst að koma til starfa við fjölbreytt verkefni sem flest snúa að garðyrkju og umhirðu í borginni. | Vinnuskólinn | Vinnuskóli barna 14-17 ára; samstarf við aðrar stofnanir, fræðsla og námskeið, vinnuúrræði | |
| 1 | **Virkið** | Virkið, þjónustu- og ráðgjafasetur er þverfaglegur samstarfsvettvangur fjórtán aðila á Akureyrar- og Eyjafjarðarsvæðinu og er meginmarkmiðið að grípa ungmenni sem falla milli kerfa og veita þeim heildstæðari þjónustu. Starfsemi Virkisins miðar að því að aðstoða ungmenni, á aldrinum 16-30 ára, sem þurfa á samfelldri þjónustu að halda vegna atvinnuleitar, skólagöngu, endurhæfingar eða annarrar meðferðar. | Virkið | | |
| 2 | **Askjan - Step by step** | Markmið Öskjunnar er að hjálpa fjölskyldum að finna sín eigin bjargráð og styðja foreldra í því að efla færni sína. Með því er stuðlað að betri samskiptum og aukinni vellíðan innan fjölskyldunnar. Step by step er aðstoð við foreldra sem eiga í erfiðleikum með að meta þarfir barns og hvað þeir þurfa að eiga áður en barn fæðist og fyrstu mánuðina. Step by step hjálpar foreldrum að verða öruggari í foreldrahlutverkinu. | Askjan fjölskyldustuðningur | Önnur úrræði innan félagsþjónustulaga, T.d. stuðningsþjónusta (heimaþjónusta ofl.), foreldrafræðsla og skipulögð námskeið, Samvinna eftir skilnað, PEERS, PMTO ofl | |
| 2 | **Barna- og unglingageðdeild Landspítalans (BUGL)** | Á BUGL er tekið á móti börnum upp að 18 ára aldri sem eiga við geðheilsuvanda að stríða. Þegar grunur vaknar um geðheilsuvanda hjá barni / unglingi getur farið af stað ferli sem leiðir til tilvísunar á BUGL. Forráðamenn leita fyrst eftir þjónustu innan síns sveitarfélags s.s. hjá heilsugæslu, félagsþjónustu/þjónustumiðstöðvum eða sálfræðiþjónustu skóla. Helstu tilvísendur á BUGL eru greiningar-/meðferðarteymi, sérfræðilæknar, heilsugæslulæknar, sálfræðingar og aðrir sérfræðingar; leikskóla- og grunnskólaþjónustu, félagsþjónustu eða Barnaverndar. | BUGL - Bæklingur | Heilbrigðisþjónusta | |
| 2 | **Brekkukot** | Fjölskyldur barna með fötlun geta nýtt sér skammtímavistun fyrir börnin þegar þörf krefur. | Skammtímavistun | Úrræði sem tengjast málefnum fatlaðra, T.d. úrræði í málefnum barna, stuðningsfjölskyldur, liðveisla ofl. , Ýmis búsetuúrræði, NPA ofl., Námskeið, helgardvalir, sumardvalir | |
| 2 | **Einstaklingsstuðningur** | Einstaklingsstuðningur er ætlaður fötluðum börnum frá 6-17 ára eða börnum sem glíma við félagslegar áskoranir vegna sambærilegrar fötlunar. Þá er miðað við að hámarki 10 tíma á mánuði til 6. mánaða til að byrja með. | Einstaklingsstuðningur | Úrræði sem tengjast málefnum fatlaðra, T.d. úrræði í málefnum barna, stuðningsfjölskyldur, liðveisla ofl. , Ýmis búsetuúrræði, NPA ofl., Námskeið, helgardvalir, sumardvalir | |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 2 | **Farsæld barna - málstjórn á 2. stigi** | Stofnað til stuðnings nemenda. Í teyminu sitja foreldrar, barn (hafi það aldur og þroska til), tengiliður, málstjóri ef mál komið til samþættingar. Einnig getur setið ráðgjafi á miðstöð, aðili frá frístund og fl. Teymið vinnur eftir stuðningsáætlun og farsældarlögum. | Farsæld barna málstjórn | Önnur úrræði innan félagsþjónustulaga, T.d. stuðningsþjónusta (heimaþjónusta ofl.), foreldrafræðsla og skipulögð námskeið, Samvinna eftir skilnað, PEERS, PMTO ofl | |
| 2 | **FLIKK** | Foreldralausn og internetmeðferð fyrir kvíðna krakka | FLIKK - Aðstoð við börn með kvíða í gegnum netmeðferð | Heilsugæsla - Sálfræðiþjónusta fyrir börn og unglinga; sálfræðiviðtöl við börn, ráðgjöf við foreldra, skimanir, greiningar, námskeið, samstarf og teymisvinna | |
| 2 | **Geðheilsumiðstöð barna (GMB)** | Geðheilsumiðstöð barna veitir 2. stigs heilbrigðisþjónustu á landsvísu fyrir börn að 18 ára aldri. Miðstöðin sinnir greiningu, ráðgjöf og meðferð vegna geð- og þroskavanda barna og unglinga. Þverfaglegur starfshópur vinnur eftir markvissu skipulagi með fagleg gæði að leiðarljósi. Áhersla er á gott viðmót og fjölskyldumiðaða þjónustu. GMB á reglulegt samstarf við þjónustuveitendur víðsvegar um landið og sinnir starfsþjálfun háskólanema á sviðinu. | Geðheilsumiðstöð barna | Heilsugæsla - Sálfræðiþjónusta fyrir börn og unglinga; sálfræðiviðtöl við börn, ráðgjöf við foreldra, skimanir, greiningar, námskeið, samstarf og teymisvinna | |
| 2 | **Heilsugæslan - sálfræðiþjónusta - Geðheilsuteymi barna HSN** | Sálfræðingar á heilbrigðisstofnun norðurlands sinna meðferð barna og ungmenna (undir 18 ára) við vægum til miðlungs alvarlegum tilfinningalega- og hegðunarvanda og veita foreldrum ráðgjöf. Fyrirkomulagið og upplýsingar um það eru á síðum heilsugæslustöðva. Til að komast til sálfræðings þarf tilvísun frá lækni. Þó geta ljósmæður í mæðravernd, hjúkrunarfræðingar í ungbarnaeftirliti, skólahjúkrunarfræðingar, félagsþjónustan, barnavernd og skólasálfræðingar í vissum tilvikum einnig sent tilvísun til sálfræðings. | Heilsugæslan - sálfræðiþjónusta | | |
| 2 | **Helgardvöl** | Börn sem eiga rétt á helgardvöl eru börn sem eiga samþykkta stuðningsfjölskyldu en hentar betur dvöl án gistingar. | Helgardvöl á vegum velferðarsviðs | Úrræði sem tengjast málefnum fatlaðra, T.d. úrræði í málefnum barna, stuðningsfjölskyldur, liðveisla ofl. , Ýmis búsetuúrræði, NPA ofl., Námskeið, helgardvalir, sumardvalir | |
| 2 | **Hlíðarskóli** | Hlíðarskóli er sérskóli fyrir nemendur sem þurfa á sérstöku námsumhverfi að halda til atferlisþjálfunar. Miðað er við að nemendur séu ekki lengur en 3 skólaár í skólanum. | Hlíðarskóli | Grunnskólar; almennur stuðningur við nám, sérdeildir, sérskólar, athuganir og skimanir, skólaþjónusta á vettvangi, önnur úrræði | |
| 2 | **Námskeið fyrir foreldra um uppeldi barna með ADHD** | Foreldrar barna sem eru þegar greind með ofvirkni og/eða athyglisbrest (ADHD) og barna þar sem skimun eða frumgreining hefur sýnt hamlandi ADHD einkenni. Athugið að efnið hentar helst vegna barna frá fimmta að ellefta aldursári (1. - 6. bekkur), sem ekki hafa alvarlegar eða fjölbreyttar fylgiraskanir. | Uppeldi barna með ADHD \| Heilsugæslan | Heilsugæsla - Sálfræðiþjónusta fyrir börn og unglinga; sálfræðiviðtöl við börn, ráðgjöf við foreldra, skimanir, greiningar, námskeið, samstarf og teymisvinna | |
| 2 | **Okkar heimur** | Okkar heimur er stuðningsúrræði fyrir börn sem eiga foreldra með geðrænan vanda og var sett á laggirnar vegna skorts á stuðningi og fræðslu fyrir börn í þessari stöðu hér á landi. | Okkar heimur | Forvarnir - samstarf við aðrar stofnanir og aðila, Ungmennaráð, íþróttafélög | |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 2 | **PEERS námskeið** | Gagnreynt hópúrræði í 12 vikur í 1½ tíma í senn. Námskeiðið er ætlað 11-15 ára börnum og unglingum með slaka félagsfærni. Foreldrar og börn eru saman á námskeiðinu, en í sitt hvorum hópnum að mestu leyti. Markmiðið er að börnin öðlist bætta færni í samskiptum við vini og aðra og tækli félagslegar aðstæður betur. Heimavinna er unnin milli tímanna. Þjónustan er veitt aldursskipt, þ.e. annars vegar fyrir börn á miðstigi og hins vegar fyrir ungmenni á unglingastigi grunnskóla. | Námskeið | Önnur úrræði innan félagsþjónustulaga, T.d. stuðningsþjónusta (heimaþjónusta ofl.), foreldrafræðsla og skipulögð námskeið, Samvinna eftir skilnað, PEERS, PMTO ofl | |
| 2 | **Ráðgjafar- og greiningarstöð** | Ráðgjafar- og greiningarstöð er miðlæg þjónustu- og þekkingarmiðstöð sem starfar á þverfaglegum grunni og sinnir börnum að 18 ára aldri hvar sem þau búa á landinu. Hlutverk hennar er meðal annars að annast greiningu og ráðgjöf vegna barna með víðtækar þroskaskerðingar, sinna fræðilegum rannsóknum á þessu sviði og veita börnum með óvenjuflóknar eða sjaldgæfar fatlanir langtímaeftirfylgd. Öflun og miðlun þekkingar um fatlanir og þroskaskerðingar og fræðsla um helstu íhlutunarleiðir er enn fremur meðal hlutverka stofnunarinnar. Ráðgjafar- og greiningarstöð er með reglulegar fræðslur og námskeið ætluðum aðstandendum fatlaðra barna. | Ráðgjafar- og greiningarstöð | Stofnun rekin af ríkinu. | |
| 2 | **Ráðgjöf við börn og fjölskyldur** | Starfar á velferðarsviði og veitir ráðgjöf til foreldra, barna og starfsmanna í skóla- og frístundastarfi. | Stuðningsþjónusta við börn og fjölskyldur | Almenn félagsleg þjónusta, T.d. félagsráðgjöf, fjárhagsstuðningur, húsnæðismál ofl | |
| 2 | **Samvinna eftir skilnað (SES)??** | Gagnreynt námskeið fyrir foreldra sem eru skilin, eru að skilja eða íhuga skilnað. Á námskeiðinu læra foreldrar að efla samvinnu sín á milli, með hagsmuni barnanna að leiðarljósi. Markhópur námskeiðsins eru foreldrar barna á aldrinum 0-18 ára. Foreldrar mæta þrisvar sinnum í tvo tíma í senn. | Námskeið | Foreldrafræðsla og uppeldisráðgjöf, einstaklingsstuðningur, hópastarf og smiðjur, stuðningsfjölskyldur, námskeið og PMTO, Skahm | |
| 2 | **Sálfræðiþjónusta barna SÁÁ** | Sálfræðiþjónusta barna er fyrir börn á aldrinum 8-18 ára sem eiga foreldra eða aðra nána aðstandendur með fíknivanda. | SÁÁ | | |
| 2 | **Sérdeild Giljaskóla** | Sérdeild Giljaskóla er deild fyrir nemendur með margvíslegar fötlunargreiningar en einnig fyrir langveik börn sem þurfa á sértækum stuðningi að halda. | Giljaskóli | Grunnskólar; almennur stuðningur við nám, sérdeildir, sérskólar, athuganir og skimanir, skólaþjónusta á vettvangi, önnur úrræði | |
| 2 | **Sérdeild Síðuskóla** | Sérdeild Síðuskóla er deild fyrir nemendur með greinda einhverfu eða aðra skyldar fatlanir. | Sérdeild Síðuskóla | Grunnskólar; almennur stuðningur við nám, sérdeildir, sérskólar, athuganir og skimanir, skólaþjónusta á vettvangi, önnur úrræði | |
| 2 | **Sérfræðingateymi vegna barna með alvarlegar þroska- og geðraskanir** | Sveitarfélög geta óskað eftir ráðgjöf teymisins með því að fylla út beiðni um ráðgjöf sérfræðingateymis og senda ásamt fylgigögnum í pósti til Barna- og fjölskyldustofu eða í gegnum Signet Transfer. | Sérfræðingateymi | Önnur þjónusta við barnafjölskyldur - Lögregla (eftirlit, forvarnir, námskeið, fræðősla, samstarf við aðra), Sýslumaður (afgreiðsla og vinnsla í sifjamálum, samstarf við aðra, starf á vegum einkaaðila, Farsældarlög | |
| 2 | **Sérkennsluráðgjafar** | Sérkennsluráðgjafar starfa á Fræðslu og lýðheilsusviði og eiga nánu samstarfi við leik- og grunnskóla. Hlutverk þeirra er að veita börnum með þroskafrávik, foreldrum og starfsmönnum ráðgjöf og eftirfylgni með það fyrir augum að barnið geti notið skólagöngu sinnar í leik og námi. | Fræðslu og lýðheilsusvið | Skólaþjónusta - Annað | |
| 2 | **Sorgarmiðstöðin** | Markmið Sorgarmiðstöðvar er að styðja við syrgjendur og alla þá sem vinna að velferð þeirra. Starfsemin lýtur fyrst og fremst að stuðningi, ráðgjöf, upplýsingaþjónustu og fræðslu. Sorgarmiðstöð er öllum opin og símaver er opið alla virka daga. | Sorgarmiðstöð | Forvarnir - samstarf við aðrar stofnanir og aðila, Ungmennaráð, íþróttafélög | |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 2 | **Starfstengt nám** | Starfstengt nám er fyrir nemendur í 8. 9. og 10. bekk grunnskóla á Akureyri sem, vegna sértækra örðugleika annarra en fötlunar, glíma við verulegar áskoranir í námi eða mikla vanlíðan í skóla. Verkefninu er ætlað að bæta líðan nemenda og gefa þeim tækifæri til þess að sýna hvað í þeim býr. Úrræðið hefur það m.a. að markmiði að mæta þörfum nemenda á unglingastigi sem þurfa að komast úr hefðbundnu skólastarfi hluta skólatímans, t.d. einn dag í viku. Stundatöflu nemandans er breytt í samræmi við það. | | Vinnuskóli barna 14-17 ára; samstarf við aðrar stofnanir, fræðsla og námskeið, vinnuúrræði | |
| 2 | **Stuðningsfjölskyldur** | Hlutverk stuðningsfjölskyldna er að annast barn sem vegna aðstæðna sinna þarf aðstoð til skemmri eða lengri tíma til að draga úr álagi á fjölskyldu þess. Markmiðið er að veita barninu tilbreytingu og stuðning auk þess að gefa því kost á auknum félagslegum tengslum. Sótt er um úrræðið hjá ráðgjafa á miðstöð. | Stuðningsfjölskyldur | Úrræði sem tengjast málefnum fatlaðra, T.d. úrræði í málefnum barna, stuðningsfjölskyldur, liðveisla ofl. , Ýmis búsetuúrræði, NPA ofl., Námskeið, helgardvalir, sumardvalir | |
| 2 | **Systkinasmiðjan** | Úrræðið er fyrir krakka á aldrinum 8 - 14 ára sem eiga það sameiginlegt að eiga systkini með fötlun. Ráðgjafar- og greiningarstöð ríkisins rekur úrræðið. | Systkinasmiðjan | Önnur þjónusta við barnafjölskyldur - Lögregla (eftirlit, forvarnir, námskeið, fræðsla, samstarf við aðra), Sýslumaður (afgreiðsla og vinnsla í sifjamálum, samstarf við aðra, starf á vegum einkaaðila, Farsældarlög | |
| 3 | **Barnahús** | Barnahús sinnir málefnum barna sem grunur leikur á að hafi sætt kynferðislegri áreitni eða ofbeldi. Barnaverndarnefndir bera ábyrgð á vinnslu slíkra mála og geta óskað eftir þjónustu Barnahúss. Barnahús er rekið af Barna- og fjölskyldustofu. | Barnahús | Stofnun rekin af ríkinu. | |
| 3 | **Barnavernd Norðurlands eystra** | Barnavernd norðurlands eystra aðstoðar börn og foreldra í alvarlegum vanda við að tryggja velferð og öryggi barna til framtíðar með fjölbreyttri ráðgjöf, stuðningi og faglegum lausnum. | Barnavernd | Barnavernd; Stuðningsúrræði á heimili, Stuðningsúrræði utan heimilis, Úrræði í barnavernd á vegum ríkisins eða einkaaðila og annað sem tengist barnavernd | |
| 3 | **EDAM námskeið fyrir einhverfa unglinga** | Námskeiðið er fyrir 13 til 16 ára unglinga á einhverfurófi.<br><br>Tilgangur námskeiðsins er að kenna unglingum færniþætti byggða á díalektískri atferlismeðferð (DAM) og þar með hjálpa unglingum að vera sátt við eigin hugsanir og hegðun.<br><br>Áhersla er á það sem unglingurinn sjálfur hefur stjórn á. | EDAM \| Heilsugæslan | Heilbrigðisþjónusta | |
| 3 | **Fósturráðstöfun** | Um fóstur er ræða þegar barnaverndarnefnd felur fósturforeldrum forsjá eða umsjá barns. Þær fósturráðstafanir sem um er að ræða eru tímabundið fóstur, varanlegt fóstur og styrkt fóstur. | Fósturrráðstöfun | Barnavernd; Stuðningsúrræði á heimili, Stuðningsúrræði utan heimilis, Úrræði í barnavernd á vegum ríkisins eða einkaaðila og annað sem tengist barnavernd | |
| 3 | **Meðferðarheimili** | Þetta meðferðarnámskeið er fyrir foreldra og unglinga á aldrinum 12-18 ára, fæðingarár 2007 - 2012. | Meðferðarheimili | Barnavernd; Stuðningsúrræði á heimili, Stuðningsúrræði utan heimilis, Úrræði í barnavernd á vegum ríkisins eða einkaaðila og annað sem tengist barnavernd | |
| 3 | **MST fjölkerfameðferð** | Meðferðarúrræði á vegum Barna- og fjölskyldustofu fyrir fjölskyldur barna á aldrinum 12-18 ára sem glíma við alvarlegan hegðunarvanda. Meðferðin felst í að auka færni foreldra til að takast á við vanda barna sinna. Hegðunarvandi barnanna birtist í afskiptum lögreglu, erfiðleikum í skóla, ofbeldi og vímuefnanotkun. Sótt er um úrræðið í gegnum barnavernd. | MST fjölkerfameðferð | Barnavernd; Stuðningsúrræði á heimili, Stuðningsúrræði utan heimilis, Úrræði í barnavernd á vegum ríkisins eða einkaaðila og annað sem tengist barnavernd | |
| 3 | **SÓK - meðferð** | Sók-meðferð er sálfræðiþjónusta fyrir börn vegna óviðeigandi kynhegðunar. Úrræðið er á vegum Barna- og fjölskyldustofu. | SÓK meðferð | Barnavernd; Stuðningsúrræði á heimili, Stuðningsúrræði utan heimilis, Úrræði í barnavernd á vegum ríkisins eða einkaaðila og annað sem tengist barnavernd | |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 3 | **Trappan - viðtalsmeðferð fyrir börn** | Trappan er úrræði sem starfsmenn Barnaverndarþjónustu Norðurlands eystra hafa nýtt í meðferðarvinnu sinni fyrir þau börn sem orðið hafa vitni að heimilisofbeldi eða orðið fyrir ofbeldi sjálf á heimilum sínum. | | | |
| 3 | **Fjölskylduheimilið Sólberg** | Markmiðið með fjölskylduheimilinu er að veita inngrip til skamms tíma þegar hefðbundin úrræði duga ekki til. Þar eru börn og ungmenni vistuð, vandi þeirra greindur og viðeigandi þjálfun fer fram sem miðar að því að styrkja forsjáraðila í uppeldishlutverki þeirra og aðstoða börn og ungmenni með viðeigandi hætti svo þau geti snúið heim aftur. | | Barnavernd; Stuðningsúrræði á heimili, Stuðningsúrræði utan heimilis, Úrræði í barnavernd á vegum ríkisins eða einkaaðila og annað sem tengist barnavernd | |